Fullgild rafræn undirskrift
TÓMAS GUÐBERG GÍSLASON
2026-10-22 14:15:10 GMT
Ástæða: Undirskrift

Afgreiðslufundur

Árið 2026, fimmtudaginn 22. október kl. 09:00 var haldinn 1938. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsókn Laugavegs 37 ehf., kt. 440225-1280, dags. 14. ágúst 2026 , um starfsleyfi fyrir gististað; gistiheimili (Collectors House) að Laugavegi 37, F2004773, rými 01 0101. Ný starfsemi.
   Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði.*

2. Lögð fram umsókn M14 ehf., kt. 610611-1090, dags. 12. júní 2026, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingastofu (Reykjavík Fish) að Vesturgötu 3, F2001721, rými 01 0001 og 01 0101. Ný starfsemi.
   Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.*

3. Lögð fram umsókn M14 ehf., kt. 610611-1090, dags. 20. október 2026, um skráningu á veitingastað (Reykjavík Fish) að Vesturgötu 3, F2001721, rými 01 0001 og 01 0101.
   Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskylda hollustuháttastarfsemi*.

4. Lögð fram umsókn Brimborgar ehf., kt. 701277-0239, dags. 12. október 2026, um skráningu á smurstöð, bifreiða- og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði (Max1) við Jafnasel 6, F2057309, rými 01 0101. Breyting úr starfsleyfi í skráningu.
   Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur, Starfsleyfisskilyrði fyrir smurstöðvar* og *Starfsskilyrði fyrir bifreiða- og vélaverkstæði.*

5. Lögð fram umsókn Augnlækna Reykjavíkur ehf., kt. 670599-2489, dags. 27. ágúst 2026, um skráningu á læknastofu (Augnlæknar Reykjavíkur) að Hamrahlíð 17, F2031334, rými 01 0501. Flutningur í nýtt húsnæði.
   Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskylda hollustuháttastarfsemi* og *Sértæk starfsskilyrði fyrir starfsemi þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta.*

Fundi slitið kl. 09:19

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson